

Dags eftirlits	30.10.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Stella Hrönn Jóhannsdóttir
Fyrirtæki	Gallon ehf.	Eftirlitsmaður	Stella Hrönn Jóhannsdóttir
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	630921-2280	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Már Erlingsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Andri Vífilsson	Staðsetning	725312,177 512055,178

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlitið kom fram eitt frávik er varðar olíugeymi sem hefur verið tekinn varanlega úr notkun. Settar voru fram fjórar ábendingar er varða áætlun um tímabunda og varalega rekstrarstöðvun sem og umhverfismarkmið, slöngu við undantöppunarkar sem þarfnast endurnýjunnar, uppsöfnun úrgangs á lóð og að sækja þarf tímanlega um endurnýjun starfsleyfis.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í reglubundið eftirlit í olíubirgðastöð Gallon ehf. á Reyðarfirði þann 30. október 2025.

Boðuð dagskrá var eftirfarandi:

1. Staða frá síðasta eftirliti
2. Starfsleyfi
3. Eftirlitsmælingar og skráningar
4. Áætlanir og viðbrögð
5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
6. Kynning á meðfylgjandi gögnum
7. Önnur mál
8. Vettvangsskoðun

1. Staða frá síðasta eftirliti.

Tvö frávik komu fram í síðasta eftirliti er varða uppfærslu lagnateikninga, merkingu geyma og lagna og að bæta þurfi skipulag í rekstrarhandbók og öryggismöppu.

Geymar og lagnir hafa verið merktar með fullnægjandi hætti og skipulag í rekstrarhandbók og öryggismöppu hefur bætt. Fráviki er lokað.

2. Starfsleyfi

Starfsleyfi olíubirgðastöðvarinnar gildir til 31. janúar 2027. Rekstraraðila er bent á að sækja tímanlega um endurnýjun á starfsleyfi, eða allt að einu ári áður en núverandi leyfi rennur út.

Heimilt er að geyma allt að 540 m³ af olíu eða bensíni í stöðinni, með gegnumstreymi bensíns minna en 5.000 tonn á ári. Einnig er heimilt að taka á móti úrgangsolíu.

Einungis bensín er geymt í stöðinni. Ekki er tekið á móti úrgangsolíu í stöðinni.

3. Eftirlitsmælingar og skráningar

Geymir fyrir bensín var síðast botnþykktarmældur árið 2018. Löndunarlögn bensíns af bryggju er sameiginleg með Olíudreifingu ehf. og var hún síðast þrýstiprófuð af Olíudreifingu árið 2020. Minnt er á að þrýstiprófa á lögnina á þessu ár, sbr. gr. 3.2 í starfsleyfi.

Olíuskiljur kannaðar reglulega og skynjarar prófaðir og hreinsaðir. Mælingar á olíu í fráveituvatni eru gerðar á 3ja ára fresti og eru framkvæmdar með strímlum.

Allar skráningar eru aðgengilegar í rekstrarhandbók.

4. Áætlanir og viðbrögð.

Öryggis- og viðbragðsáætlanir eru til staðar. Rekstraraðila var bent á að uppfæra þarf áætlun um tímabunda og varalega rekstrarstöðvun sem og umhverfismarkmið.

Bráðamengunartrygging í gildi til 31. desember 2025.

5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitferða.

Engar breytingar hafa orðið á starfseminni frá síðasta eftirliti. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða er óbreytt.

6. Kynning á meðfylgjandi gögnum

Rekstraraðili var beðinn um að kynna sé þau skjöl rsem send voru með boðun eftirlits, þ.e. leiðbeiningar um olíuskiljur og kynningu á breyttu verklagi við eftirlit Umhverfis- og orkustofnunnar

7. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

8. Vettvangsskoðun

Stöðin er afgirt og eru girðingar í lagi og hlið lokað. Lekapró er jarðvegspró sem er ekki með niðurfalli og er ekki tengd við olíuskilju. Innan hennar er bensín í einum geymi og lítið undantöppunarkar. Slanga við undantöppunarkarið þarfnast endurnýjunar. Lítið geymir fyrir steinolú er einning innan þróar en hann er að sögn fulltrúa rekstraraðila búinn að standa tómur í meira en 20 ár. Til stendur að rífa hann. Bent er á að þegar olíugeymir er tekinn varanlega úr notkun skal rekstraraðili innan sex mánaða fjarlægja olíugeyminn ásamt lögnum honum tengdum, sbr. 2. mgr. 28. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Því er þetta frávik.

Afgreiðsluplan er tengt við olíuskilju. Vinna er í gangi við að tölvuvæða afgreiðsluna.

Tekið er á móti úreltum olíugeymum og þeir geymdir tímabundið innan girðingar við stöðina. Koma skal í veg fyrir uppsöfnun úrgangs með því að koma honum koma til viðeigandi meðferðar eða förgunar með reglubundnum hætti.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
2. mgr. 28. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	Þegar olíugeymir er tekinn varanlega úr notkun skal rekstraraðili innan sex mánaða fjarlægja olíugeyminn, ásamt lögnum honum tengdum.
	Á stöðinni er geymir sem hefur verið varanlega tekin úr notkun fyrir meira en 6 mánuðum en hefur ekki verið fjarlægður.

ÁBENDINGAR

1. Uppfæra þarf áætlun um tímabundna og varanlega rekstrarstöðvun sem og umhverfismarkmið.
2. Slanga við undantöppunarkar þarfnast endurnýjunnar.
3. Koma skal í veg fyrir uppsöfnun úrgangs innan lóðar með því að flytja úrgang reglulega til móttökustöðvar.
4. Starfsleyfi stöðvarinnar rennur út 31. janúar 2027. Sækja þarf tímanlega um endurnýjun starfsleyfis,

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.01.2026

Stella Hrönn Jóhannsdóttir